

Nd.

91. Frumvarp

til laga um strandferðir.

Flutningsm.: Eysteinn Jónsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir frá 1. júní 1934 að telja einkarétt til þess að flytja farþega milli hafna á Íslandi.

2. gr.

Á meðan íslenska ríkið hefir ekki nægilegan skipastól til þess að annast farþegaflutninga samkv. 1. gr., getur ríkisstjórnin veitt öðrum skipum leyfi til farþegaflutnings milli hafna á Íslandi, gegn því að greitt verði í ríkissjóð 20% af fargjöldum. Undanþeginn skatti þessum eru skip og bátar, sem fá styrk úr ríkissjóði til þess að annast samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins.

3. gr.

Öll skip, sem eru skattskyld samkvæmt 2. gr., skulu skyld að nota farseðlabækur, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út, og má aldrei taka fargjald af farþega án þess að gefin sé út kvittun fyrir því (farseðill). Bera skipstjórar og skipaafgreiðslur ábyrgð á, að þessu sé framfylgt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari ákvæði með reglugerð um innheimtu á skattinum samkv. 2. gr. og um önnur atriði snertandi framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að almennur áhugi er fyrir því, að íslensk skip njóti flutninga þeirra, er landsmenn þurfa á að halda á milli innlendra hafna. Hinsvegar hafa erlend skip löngum keppt við hin innlendu hvað þetta snertir og hagað siglingum sínum þannig, að koma nær eingöngu á hinar stærri hafnir. Hafa þau með því sölsað mjög farþegaflutninga frá íslensku skipunum, sem vegna almennings heilla eru neydd til að koma á fleiri hafnir.

Nú mun það hvergi vera leyft í nærliggjandi löndum, að erlend skip reki slíka flutninga, sem áður greinir, og með tilliti til þess, að eiginn skipastóll Íslendinga er fyrir löngu orðinn svo mikill, að forsvaranlegt virðist að láta hann einan annast alla strandferðaflutninga, getur það ekki talizt vansalaust, að strandferðaskip ríkisins séu vegna erfiðrar fjárhagsafkomu bundin í höfn, á meðan hin erlendu skip halda áfram að reka hér óbreyttan atvinnurekstur sinn og fleyta rjómann ofan af strandflutningunum.

Fyllsta ástæða er því til þess að löggjafarvaldið taki hér í taumana þegar í stað, til að tryggja hagsmunum hins íslenska ríkis.